

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. október 2015
Tilvísun: 2015100140/50.11

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúrvernd, nr. 60/2013, 140 mál.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúrvernd, nr. 60/2013, 140. mál og óskar eftir að tekin verði til athugunar umsögn þess.

Athugasemdir við einstakar greinar:

2. gr. liður a, breyting á 9. gr.: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) gerir athugasemd við að varúðarreglan mun með fyrirhugaðri breytingu einungis ná til stjórnvaldsákvæðana á grundvelli laganna en ekki til annarra laga. Er að mati HER með þessari breytingu dregið mjög úr vægi varúðarreglunnar þar sem hún mun ekki gilda um ákvarðanir varðandi t.d. skipulagsáætlanir, framkvæmdaleyfi og starfsleyfi. HER leggur til að 1. málsl. standi óbreyttur.

13. gr. liður a, breyting á 31. gr.: Heilbrigðiseftirlitið ítrekar það sem áður hefur komið fram í umsögn embættisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúrvernd, nr. 60/2013 að bætt verði við eftirfarandi setningu: „*Um vatnsverndarsvæði og önnur viðkvæm vatnasvæði gildir þó að alfarið er banna að aka þar utan vega óháð því hvort jörð er frosin eður ei, nema með leyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar.*“

18. gr. liður b, breyting á 38. gr.: Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málslíður svohljóðandi: „Við friðlýsingu heildstæðra vatnakerfa er það áskilið að viðkomandi svæði hafi ekki verið flokkað í nýtingarflokk eða biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar.“ Af þessu leiðir að 55. gr. laganna er felld út. HER gerir athugasemd við þessa breytingu og telur að hún gæti stangast á við 1. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en þar segir „Markmið laga þessara er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.“ Í sumum tilvikum er ekki hægt að viðhalda gæðum vatnakerfa nema með því að vernda þau í heild sinni. HER telur að greinin um friðlýsingu heilla vatnakerfa (55. gr.) eigi að halda sér.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Kristín Lóa Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

